



## ERINDISBRÉF

*Ungmennaráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar*

---

### Stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð Sveitarfélags Hornafjarðar heyrir undir fræðslu- og tómstundanevnd. Tómstundafulltrúi starfar með ráðinu.

### Skipan og seturéttur á fundum

Ungmennaráð er skipað sjö fulltrúum á aldrinum 13–24 ára og þremur til vara. Fræðslu- og tómstundanevnd skipar í ráðið að fengnum tillögum frá eftirtöldum aðilum:

#### *Aðalfulltrúar:*

- Nemendafélag Grunnskóla Hornafjarðar tilnefnir tvo fulltrúa úr 8. – 10. bekk.
- Nemendafélag Framhaldsskólans í Austur Skaftafellssýslu tilnefnir tvo fulltrúa.
- Umf. Sindri tilnefnir einn fulltrúa.
- Þrykkjuráð tilnefnir einn fulltrúa.
- Fræðslu- og tómstundanevnd tilnefnir einn óháðan fulltrúa skal sá helst vera starfandi á vinnumarkaði.

#### *Varafulltrúar:*

- Einn fulltrúi fyrir Grunnskóla Hornafjarðar og Þrykkjunnar.
- Einn fulltrúi fyrir Framhaldsskólann í Austur Skaftafellssýslu.
- Einn fulltrúi fyrir félagasamtök og vinnumarkað.

Kosið er í Ungmennaráð á ungmennahæingum sem haldið er í september ár hvert. Einn fulltrúi frá Grunnskóla Hornafjarðar og einn fulltrúi frá Framhaldsskólanum í Austur Skaftafellssýslu sitja tvö ár í ráðinu, aðrir fulltrúar sitja í ráðinu eitt ár í senn. Ungmennaráð kýs formann, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum. Ungmennaráð kýs fulltrúa úr sínum hópi til setu í Ungmennaráði Suðurlands.

### Hlutverk og verksvið

Ungmennaráð Hornafjarðar skal gæta þess að leita eftir sem flestum sjónarmiðum ungs fólks í störfum sínum þannig að ályktanir þess og skoðanir endurspegli sem best almennan vilja ungs fólks í sveitarfélaginu.

Hlutverk ungmennaráðs er:

- Að vera fræðslu- og tómstundarnefnd til ráðgjafar um málefni er varða ungt fólk.
- Að gera tillögur til nefndarinnar um aðgerðir í forvarnarmálum.
- Að vera til ráðgjafar varðandi aðstöðu og afþreyingamöguleika ungs fólks.
- Ungmennaráð fylgist með því að stofnanir sveitarfélagsins vinni með hagsmunum ungs fólks að leiðarljósi.



- Að þjálfa ungt fólk í sveitafélaginu í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að hvetja ungt fólk í sveitarfélaginu til lýðræðislegrar þátttöku.
- Að gera tillögur að þátttöku ungs fólks í viðburðum á vegum sveitarfélagsins.
- Að senda fulltrúa á ráðstefnur, þing og fleiri þess háttar viðburði er varða hagsmuni ungs fólks.

### **Starfshættir**

Um starfshætti ungmennaráðs fer samkvæmt VI kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Ungmennaráð kemur saman á fastákveðnum fundartíma einu sinni í mánuði, með hléum yfir sumarið. Formaður stýrir fundi. Starfsmaður sér um að rita fundargerð og kemur henni til fræðslustjóra sem leggur hana fyrir fræðslu- og tómsfundanefnd.

Þá getur ungmennaráð staðið fyrir opnum fundum vegna starfa sinna og þeirra verkefna sem ráðið vinnur að.

Starfsmaður sér um að taka á mótí erindum og málum sem leggja á fyrir ráðið. Hann útbýr í samráði við formann rafrænt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum. Fundarboð skal sent öllum aðalmönnum og varamönnum.

Nefndarmenn skulu fá hæfilega þóknun fyrir störf sín samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

Fræðslu- og tómsfundanefnd og ungmennaráð skulu halda sameiginlega tvo fundi á ári en oftast ef þurfa þykir. Gert er ráð fyrir að ungmennaráð fundi a.m.k. tvisvar á ári með bæjarráði.

Ungmennaráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála.

### **Réttindi og skyldur ungmennaráðs**

Um réttindi og skyldur ungmennaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktir um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Björn Ingi Jónsson  
bæjarstjóri

Samþykkt í fræðslu- og tómsfundanefnd 21. júní 2017  
Samþykkt í bæjarráði <sup>1</sup> þann 26. júní 2017.

---

<sup>1</sup> Bæjarráð hefur fullt umboð til afgreiðslu mála á meðan bæjarstjórn er í sumarfríi.